

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 107/2025

2025/EES/46/18

frá 8. maí 2025

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/3179 frá 19. desember 2024 um breytingu á ákvörðunum (ESB) 2017/175, (ESB) 2018/1702 og (ESB) 2019/70 að því er varðar gildistíma viðmiðananna við veitingu umhverfismerkis ESB og tilheyrandi krafna um mat og sannprófun ⁽¹⁾.
- 2) XX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

XX. viðauka við EES-samninginn verður breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 2m (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/175):

„– **32024 D 3179:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/3179 frá 19. desember 2024 (Stjtíð. ESB L, 2024/3179, 20.12.2024).“

2. Eftirfarandi er bætt við liði 2zq (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1702) og 2zr (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/70):

„, breytt með:

– **32024 D 3179:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/3179 frá 19. desember 2024 (Stjtíð. ESB L, 2024/3179, 20.12.2024).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar (ESB) 2024/3179, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 9. maí 2025, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L, 2024/3179, 20.12.2024, ELI: <http://data.europa.eu/eli/dec/2024/3179/oj>

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. maí 2025.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.